

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um notkun bryggju í Flatey á Breiðafirði.

1. gr.

Fyrir skip og báta, er leggjast að bryggju í Flatey og liggja sólarhring eða skemur, ber að greiða bryggjugjald fyrir hvert skip sem hér segir:

1. a) Fyrir skip 8—12 smálestir (brúttó) kr. 2.00
 b) — — 12—40 — — — 4.00
 c) — — 40—60 — — — 5.00
 d) — — 60—100 — — — 7.00
2. Fyrir vélbáta, er heima eiga í Flateyjarhreppi og landsveitum, er verzla við Flatey, greiðist árgjald sem hér segir:
 - a) Fyrir báta allt að 8 smálestum (brúttó) kr. 8.00
 - b) — — yfir 8 — — — 30.00

2. gr.

Auk gjalda þeirra er getur í 1. gr. greiðast bryggjugjöld af öllum vörum sem fluttar eru í land eða úr landi að undanskildum póst- og farþegaflutningi sem hér segir:

1. Fyrir hver 50 kg. og minna af venjulegum vörum kr. 0.05 nema af gærum kr. 0.03 af búnti og af timbri, 0.03 af teningsfeti.
2. Fyrir hvert fat af lifur, lýsi, olíu og benzíni kr. 0.30 og af kjöttunnu hverri kr. 0.20.
3. Fyrir hverja smálest af umbúðalausum kolum og salti kr. 0.50.
4. Fyrir hvern stórgrip kr. 0.25, og hverja sauðkind kr. 0.05.
5. Sláttuvélar og aðrar slíkar vélar kr. 2.00, en dráttarvélar kr. 4.00.

3. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari innheimtir hreppsnefnd þegar er varan er flutt í land eða úr landi. Skipaafgreiðslum er skylt að innheimta bryggjugjöld af út- og innfluttum vörum hjá eigendum vörunnar og standa skil á þeim til hreppsnefndar eigi síðar en eftir 7 daga, enda ber þeim að leggja fram farmskrá skipa og báta ef þess er óskað.

4. gr.

Gjöld, þau, sem umgetur í 1. og 2. gr., leggjast í bryggjusjóð, sem hefir sérstakan reikning. Fé úr honum má ekki nota nema til byggingar og viðhalds bryggjunni. Sjóðurinn er undir umsjón hreppsnefndar. Reikningur hans fylgir hreppsreikningi.

Hreppsnefnd hefir yfirumsjón með bryggjunni og getur skipað sérstakan

umsjónarmann bryggjunnar og gefur honum erindisbréf. Má fela honum inn- **76**
heimtu bryggjugjalda og alla umsjón bryggjunnar. Er skylt að hlýða fyrirskip- 12. júní
unum hans um allt, er að bryggjunni lýtur.

5. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan verður fyrir og áhöld hennar, skal bæta að fullu eftir mati óvillhallra dómkvaddra manna.

6. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni eða svæðinu ofanvið hana (utan Eyjólfsþakkhúss), lengur en nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er heimilt að láta flytja vörurnar burtu á kostnað eiganda eða þeirra sem um þær eiga að sjá.

7. gr.

Allir sem bryggjuna nota eru skyldir að ganga hreinlega um hana og ræsta hana og tæki hennar þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert tafarlaust svo fullnægjandi sé, annast umsjónarmaður ræstingu á kostnað hlutaðeiganda.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 kr. og fer með mál út af þeim, sem almenn lögreglumál. Sektir renna í bryggjusjóð.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Alvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.